





Krákur (1981), eftir Brittu Marakatt



Spor mannanna 2 (annar hluti, 1982), eftir Conni Maria Johnsen

Christin „Kicken“ Ericson, fallega unnið þrykk.

Ég bjóst við veglegra framlagi hjá Finnum, en þeir sýna helmingi færri verk en Norðmenn og Svíar. Þótt ekki sé allt fengið með magninu, reynist erfitt að átta sig á stöðu finnskrar vefjalistar af svo litlu úrtaki. En ýmislegt er aðdáunarvert, einkum það hve persónulegir finnskir listamenn eru. Leena Saarto er ágætt dæmi um þetta og verk hennar „Sumar“ er einhver skemmtilegasti


myndvefnaðurinn á sýningunni. Þá er „Förin“, eftir nöfnu hennar Leenu Jokinen, bæði sláandi og unnið af næmri tilfinningu fyrir möguleikum efnisins.

Hlutur Íslendinganna er sá jafnasti í heild. Áherslan liggur í einfaldleik verkanna og gerir það framlagið bæði klárt og traust. En það er ekki að sama skapi nýstárlegt og ekki er örgrannt um að íslensk vefjalist sé um of bundin í viðjar átakaleysis. Verk Hild-

ar Hákonardóttur er samt sem áður hreint og snjallt í uppsetningu og virðist mér Hildur vera að stefna inn á nýjar og ferskari brautir en áður. Eins er vefur Ingibjargar Haraldsdóttur, „Frostaskjól“, óvenju fagaður og tær í einfaldari en rismikilli lausn sinni. „Skuggar“ Sigurlaugar Jóhannesdóttur er tilraun til að brjóta úr hinu hefðbundna formi og gefur ótal möguleika ef listakonan varast að binda sig við hina formálisku hlið tilraunarinnar. Vandræðalegast er „Leikur“ Ingibjargar Sigurðardóttur og sýnist mér hún hafa fest sig um of í „ullarleiknum“ frá Langbrókarsýningunni. Ína Salóme á hinsvegar finlegt og sérstætt þrykkverk, sem nefnist „Landslag“.

Íslendingar eru gætinn þjóð og kjósum við oft yfirvegun umfram innlifun. Það er gott og blessað aðalsmerki síðaðrar þjóðar, en það er ekki endilega forsenda framfarasinnaðrar listar, sist af öllu á þessum „síðustu og verstu tímum“. Við megum ekki troða um of einstígi sjálfsvitundarinnar, heldur bæta okkur með því að gerast frakkari gagnvart viðfangsefnum.

Við skulum ekki láta okkur nægja „að standa jafnfætis“ nágrönnum okkar, eða telja okkur sífellt trú um að við séum þeim jafnvel fremri, „opnari en þeir“. Tímarnir breytast en slagorðin standa í stað og geta hæglega snúist upp í staðlausa sjálfsblekkingu. Í stað meðalmennskunnar, verðum við að hætta einhverju til að öðlast eitthvað. Það nægir ekki að vera opin gagnvart umheiminum, sé maður lokaður gagnvart sjálfum sér. Listamaður sem aldrei þorir að gera skyssu, gerir heldur aldrei neitt rétt. Ef ekki er skilningur fyrir þessu, endum við í því sem Donald Kuspit kallar „sósíaldemókratísingur“ listarinnar, þ.e. list sem aldrei er „van“, en heldur aldrei „of“.



Frostaskjól (1982), eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur.

VST hf. – Virkir hf.

ÚTBOÐ Á RAUFUN FÓÐURPÍPNA

Rafmagnsveitur ríkisins – Kröfluvirkjun óska eftir tilboðum í raufun 7“ fóðurpípa í borholur. Útboðs- og verklýsing verður afhent væntanlegum bjóðendum á eftirtöldum stöðum:

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Ármúla 4, Reykjavík.

Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.

Laufásvegi 19, Reykjavík

Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Glerárgötu 36, Akureyri.

Tilboðum skal skila til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen Ármúla 4, Reykjavík eða Glerárgötu 36, Akureyri fyrir kl. 11.30, 28. jan. 1983 en þá verða þau opnuð að þeim bjóðendum viðstöddum er þess óska.

VST hf



Félag Járniðnaðarmanna Allsherjar- atkvæðagreiðsla

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör stjórnar og trúnaðarmannaráðs Félags járniðnaðarmanna fyrir næsta starfsár.

Tillögur eiga að vera um 7 menn í stjórn félagsins og auk þess um 14 menn til viðbótar í trúnaðarmannaráð og 7 varamenn þeirra.

Frestur til að skila tillögum rennur út kl. 18.00 þriðjudaginn 1. febrúar n.k.

Tillögum skal skila til kjörstjórnar félagsins í skrifstofu þess að Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, ásamt meðmælum a.m.k. 86 fullgildra félagsmanna.

Stjórn Félags járniðnaðarmanna



RÍKISSPÍTALARNIR lausar stöður

LANDSPÍTALI

SJÚKRALÍÐAR óskast við handlækningadeildir. Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma 29000.

KLEPPSSPÍTALI

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR óskast strax eða eftir samkomulagi við deild VIII Víðihlið. Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri Kleppsspítalans í síma 38160.

KÓPAVOGSHÆLI

DEILDARPROSKÁPJALFI og **PROSKÁPJALFI** óskast við Kópavogshæli. Upplýsingar veitir forstöðumaður Kópavogshælis í síma 41500.

RÍKISSPÍTALAR

Reykjavík, 16. janúar 1983.



Íslenska járnblendifélagið hf.

óskar að ráða

Hjúkrunarfræðing

í hlutastarf við verksmiðju félagsins að Grundartanga.

Jón Steingrímsson verkfræðingur veitir allar nánari upplýsingar í síma 93-3944.

Grundartanga, 17. janúar 1983